

189

3. okt.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Vexti alla skal leggja við höfuðstólinn, þar til er hann er orðinn 40000 — fjöruþíu þúsund — krónur. Eftir það má verja hálfum vöxtum til styrkveitinga samkvæmt 3. gr. Öðrum tekjum sjóðsins og vöxtum af þeim, svo sem tekjum af minningarspjöldum, má þó verja til styrktar eftir því, sem stjórn sjóðsins ákveður.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skulu skipa þrjár konur, er séu eiginkonur úrsmiða. Skulu þær kosnar af Úrsmiðafélagi Íslands til þriggja ára í senn.

6. gr.

Skipulagsskrá þessari má aldrei breyta, nema til samrýmingar löggjöf, er kynni að koma í bág við ákvæði hennar.

7. gr.

Leita skal opinberrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 7. september 1945.

Ása Jónsdóttir Norðfjörð. Jóhannes Norðfjörð.

190

16. okt.

REGLUGERÐ

fyrir læknisvitjanasjóð Mjóafjarðarhrepps í Suður-Múlasýslu.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Læknisvitjanasjóður Mjóafjarðarhrepps í Norðfjarðarlækni-
héraði og er stofnaður samkvæmt lögum nr. 59 4. júlí 1942, um læknisvitjanasjóði.

2. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja íbúa Mjóafjarðarhrepps vegna læknisvitjana.

3. gr.

Í stjórn sjóðsins eru hreppstjórinn í Mjóafjarðarhreppi, sem jafnframt sé reikningshaldari og gjaldkeri sjóðsins, og tveir menn aðrir, kosnir af hreppsnefnd.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. tillag ríkissjóðs, er nemur tveim krónum á hvern íbúa hreppsins;
2. tillag hreppsins, sem er ein króna á hvern hreppsbúa á ári;
3. áheiti og gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast;
4. læknisvitjanastyrkur, er kann að verða veittur.

5. gr.

Tekjum sjóðsins má aðeins verja til styrktar hreppsbúum vegna kostnaðar af læknisvitjunum. Nær þetta ákvæði til allra hreppsbúa, hvort sem þeir eru meðlimir sjúkrasamlagsins eða utan þess. Ekki má úthluta hærri styrkveitingum árlega en nemi $\frac{1}{10}$ af tekjum sjóðsins það ár, sem styrkveitingin nær til, fyrr en sjóðurinn er orðinn 1000.00 krónur. Má ekki skerða þá upphæð, nema knýjandi nauðsyn beri til, að dómi sjóðstjórnarinnar.

6. gr.

Að liðnu hverju reikningsári, sem sé almanaksárið, og fyrir lok janúarmánaðar næsta ár úthlutar sjóðstjórnin styrkjum úr sjóðnum, að fengnum umsókn-

um þeirra, er styrks æskja. Umsóknir og skilríki sendast formanni sjóðstjórnarinnar. Þegar tekjur sjóðsins, sbr. 5. gr., hrökkva ekki til að greiða allan læknisvitjanakostnað umsækjanda, skal haga úthlutun styrkja eftir efnahag og ástæðum að dómi sjóðstjórnar. **190**
16. okt.

7. gr.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 59 4. júlí 1942, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá deginum í dag að telja.

Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 16. október 1945.

Finnur Jónsson.

Gústav A. Jónasson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Dánarbótasjóð Barðastrandarsýslu“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 17. okt. 1945. **191**
17. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Dánarbótasjóð Barðastrandarsýslu.

I. Nafn.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Dánarbótasjóður Barðastrandarsýslu.

II. Stofnun og markmið.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af kr. 5000.00, sem nokkrir Vestfirðingar, búsettir á Siglufirði, gáfu til minningar um það fólk, sem fórst með vélskipinu Þormóður frá Bíldadal, ofviðrisnóttina milli 17. og 18. febrúar 1943.

3. gr.

Markmið sjóðsins er: Að greiða dánarbætur til efnalítilla nánustu aðstandenda þeirra manna í Barðastrandarsýslu, sem farast af slysum, sérstaklega þeirra, sem ekki eru líftryggðir og engar dánarbætur eru greiddar fyrir annars staðar frá.

III. Um stjórn.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Sýslumaðurinn í Barðastrandarsýslu skal vera sjálfkjörinn formaður stjórnarinnar, en auk hans kys hvor sýslunefnd einn mann í stjórnina til fjögurra ára í senn.

5. gr.

Stjórnin fær enga þóknun fyrir störf sín. Hún heldur að minnsta kosti einn fund árlega. Hún annast fjárreiður sjóðsins og gerir reikninga hans. Reikningur